

Frá: Hafdís Bára Kristmundsdóttir <noreply@mentor.is>
Sent: mánudagur, 31. október 2022 10:30
Til: Hafdís Bára Kristmundsdóttir <Hafdis@hofsstadaskoli.is>
Efni: Húsnæði Hofsstaðaskóla

Yfirlit póstsendingar úr Mentor.is

Póstur var sendur á eftirfarandi aðila:

Hópar: 1.Hof 1 / 1.Hof 3 / 2. ÁS / 2. JES / 2. SS / 3. AH / 3. BSV / 3. RJ / 3. SH / 4. BSt / 4. EMK / 4. IS / 4. ÓG / 5. AB / 5. GHS / 5. ÓP / 5. SGE / 6. AMH / 6. AS / 6. AP / 6. RBG / 7. HBS / 7. JBI / 7. StH / 7. ÖM

Viðtakandi: Aðstandendur

Texti:

Til að svara þessum pósti [Smelltu hér.](#)
(Ef hlekkurinn opnast ekki skaltu senda svar á netfang sendanda: hafdis@hofsstadaskoli.is)

Sent á: Hofsstaðaskóli í Garðabæ, Aðstandendur

Að beiðni sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs sendi ég ykkur þetta bréf.

Ágætu foreldrar og forráðafólk

Að undanfögnu hafa Garðabæ borist nokkrar fyrirspurnir vegna endurbóta og viðhalds á húsnæði Hofsstaðaskóla, m.a. í tengslum við leka, raka og hugsanlega myglu. Sýni verða tekin í næstu viku og send í greiningu.

Undanfarin ár hefur bærinn unnið með sérfræðingum við úttekt á mannvirkjum sínum, þar sem grunur hefur komið upp um slík mál og í framhaldi hefur verið unnið að úrbótum. Garðabær hefur sinnt reglubundnu eftirlit með fasteignum bæjarins og leitað til sérfræðinga um sýnatökur og úrbætur þegar upp hefur komið grunur um myglu m.a. í tengslum við viðgerðir á rakaskemmdum. Ákveðið hefur verið að yfirfara verkferla vegna þessara mála og gera þá skilvirkari ásamt því að hafa til staðar skrifaða ferla til að miða við um viðbrögð og útbætur .

Verkfræðistofan Mannvit hefur verið ráðin til að taka að sér þá vinnu og skoða sérstaklega eftirfylgd með þeim skýrslum og verkefnum sem þegar hafa verið unnin. Einnig hefur verið ákveðið að vinna sérstaka áætlun um endurbætur á húsnæði sveitarfélagsins sem fylgt verður eftir með fjárveitingum í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2023 sem lögð verður fram við fyrri umræðu í bæjarstjórn 3. nóvember nk..

Garðabær vill leggja sig fram um að tryggja heilsusamlegt og öruggt umhverfi í sínum mannvirkjum og óskar eftir góðu samráði við íbúa og notendur.

Með kveðju,

Eiríkur Björn Björgvinsson
Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar
Director of Education and Culture in Garðabær

Hafdís Bára Kristmundsdóttir
Hofsstaðaskóli í Garðabæ
sent úr Mentor.is